

Nd.

887. Nefndarálit

[301. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins miða nær eingöngu við að fólk eignist það húsnæði sem það býr í. Aðrir valkostir bjóðast varla. Alls staðar vantar leiguíbúðir og víða úti um landið hefur skortur á leiguhúsnæði m.a. verið talinn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun byggðar og atvinnulífs. Það er því fyllilega tímabært að opna nýjar leiðir í húsnæðismálum landsmanna, m.a. með því að auka framboð á leiguhúsnæði.

Fjöldi fólks á nú í miklum erfiðleikum vegna íbúðarkaupa og má segja að launafólk eigi vart möguleika á að koma sér upp þaki yfir höfuðið á þeim kjörum sem bjóðast. Sífelldar breytingar á húsnæðislánakerfinu á undanförunum árum hafa valdið miklu óöryggi þannig að fólk veit varla við hverju það má búast frá ári til árs af hálfu hins opinbera. Núverandi lánakerfi gerir ráð fyrir að hægt sé að fá lán til íbúðarkaupa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir allt að 70% af verði íbúðar af hóflegri stærð. Ekki er hægt að mæta þeirri miklu eftirspurn sem er eftir lánnum til íbúðarkaupa. Þetta hefur leitt til þess að bið eftir lánnum er mjög löng. Nú þurfa þeir sem eru í forgangshópi að bíða í a.m.k. tvö ár frá því sótt er um þangað til þeir fá fyrri hluta lánsins. Ef ekkert verður að gert stefnir í enn lengri biðtíma eftir lánnum, lækkun lánsupphæðar eða að beinlínis verði að synja fleirum um lán.

Á þessu ári er áætlað að verja 273 millj. kr. í félagslegar kaupleiguíbúðir hjá Byggingarsjóði verkamanna en samkvæmt fjárlögum eða lánsfjárlögum hefur ekki verið gert ráð fyrir að verja neinu fé í almennar kaupleiguíbúðir. Þá er athyglisvert að ekki liggur fyrir neitt um það hve miklu af því fé, sem áætlað er að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi til ráðstöfunar á næstu árum, fari í kaupleiguíbúðir. Fjármögnun þessara nýju lánaflokka er því í mikilli óvissu. Látið er að því liggja að fjármagn verði tekið af fé til annarra lánaflokka Húsnæðisstofnunar og sett í kaupleiguíbúðir. Þetta getur leitt til enn meira öngþveitis og óvissu í húsnæðismálum en nú er.

Í janúar sl. var skipaður vinnuhópur til að gera tillögur um framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins og til að leggja mat á stöðu núverandi kerfis. Í álitgerð vinnuhópsins til félagsmálaráðherra frá 23. mars 1988 kemur m.a. fram að núverandi lánakerfi valdi ekki hlutverki sínu. Í framhaldi af þessu hefur verið boðað að endurskoðun eigi að fara fram á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins strax á þessu ári.

Meginhugmyndin að baki frumvarpinu er jákvæð, en 1. minni hl. telur ekki tímabært að koma á nýju kerfi við hlið þess sem fyrir er án þess að heildarstefna sé mótuð og án þess að fjármagn til þess sé tryggt. Nefndinni gafst ekki tími til að vinna málið að neinu marki sem m.a. kemur fram í því að ekki vannst tími til að fá menn til viðtals við nefndina áður en málið var afgreitt. Kvennalistinn leggur áherslu á nauðsyn þess að endurskoða húsnæðislánakerfið í heild m.a. með það að markmiði að auka framboð á leiguhúsnæði, félagslegum íbúðum og íbúðum með búseturéttarfyrikomulagi.

Með vísun til þess sem hér hefur verið sagt leggur 1. minni hl. til að þeir aðilar, sem til þess verða kvaddir að endurskoða húsnæðislöggjöfina, marki einnig framtíðarstefnu um kaupleiguíbúðir og málinu verði með það í huga **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl 1988.

Kristín Einarisdóttir.